



# VÖRÐUR



VII. ár.

Reykjavík 7. september 1929.

40. blað.

## Sighvatur Bjarnason

fyrv. bankastjóri.

25. janúar 1859 — 30. ág. 1929.

Svo sem um er getið í síðasta bl. andaðist Sighvatur Bjarnason bankastjóri aðfaranótt hins 30. ágústmánaðar. Varð hann bráðkvaddur, hafði daginn áður verið úti við, að því er virtist við fulla heilsu.

Sighvatur Bjarnason var fæddur hjer í Reykjavík 25. jan. 1859. Voru foreldrar hans



Bjarni Kristjánsson tómthúsmaður og kona hans Þorbjörg Sighvatsdóttir. Voru þau hjón mjög fátæk og varð Sighvatur að fara að vinna fyrir sjer þegar er hann komst nokkuð á legg til þess að ljætta undir með heimilinu.

Fimmtán ára gamall komst Sighvatur í þjónustu Jóns landshöfðingjaritara Jónssonar. Sá Jón þegar að mannsefni var í þessum dreng og kom honum á skrifstofu þáverandi landshöfðingja, Hilmars Finsen. Á landshöfðingjaskrifst. starfaði Sighvatur síðan alt til þess er Landsbankinn var stofnaður. Árið 1886 varð hann bókarí bankans og hjelt því starfi þangað til Íslandsbanki var stofnaður 1904. Varð hann þá bankastjóri Íslandsbanka ásamt Emil Schou. Hafði hann þetta erfiða og ábyrgðarmikla starf á hendi í 16 ár.

En auk þeirrar starfsemi sem hjer hefir verið talin hafði Sighvatur Bjarnason á hendi margskonar opinber störf. Hann sat í bæjarstjórn, niðurrjónunar- og skattanevnd, var í stjórn fjölmargra fjelaga, einkum góðgerðafjelaga, einn af stofnendum Oddfellowreglunnar hjer á landi, hafði á hendi umboð fyrir erlend váttryggingarfjelög o. s. frv. Yfirleitt má segja að á hann hlæðust meiri störf, en flestum er gefið að anna. En Sighvatur Bjarnason var allra manna starfsamastur og samviskusamastur. Mun sjaldhittur maður sem gengur að störfum með meiri ósjerplægni og alúð en hann gerði.

Sighvatur Bjarnason kvænt-

ist árið 1886 eftirlifandi ekkju sinni, Ágústu Sigfúsdóttur, prests Jónssonar frá Undirfelli. Eignuðust þau niu börn. Dóu tvö þeirra ung. en sjö komust upp. Af þeim eru nú tvær dætur dánar, Þorbjörg, fyrri kona Magnúsar Pjeturssonar og Jakobína, gift Georg Gíslasyni, kaupm. í Vestmannaeyjum.

Eftir lifa Emelía, gift Jóni lækni Kristjánssyni, Bjarni kaupmaður, Sigríður Trybom í Stockhólmi, Ásta kenslukona og Sigfús váttryggingarmaður.

Jarðarför Sighvats Bjarnasonar fór fram í gær og fylgdi fjöldi manna hinum merka og vinsæla manni til hinnar hinstu hvíldar.

## Tvennskonar hlutverk.

Hjer á landi eru þrjár stjórnmálaaflokkar, Sjálfstæðisflokkurinn, Framsóknarflokkurinn og Alþýðuflokkurinn. En þótt flokkarnir sju þrjár, þá eru ekki nema tvær stefnur, sem barist er um. Sjálfstæðisflokkurinn vinnur að fylsta sjálfstæði ríkisins á grundvelli athafnafrelsis og efnalegs sjálfstæðis einstaklinganna. Sócialistarnir láta sjer fátt um sjálfstæðismálin og vilja koma sem flestum atvinnurekstri undir umráð ríkisins. Baráttan í íslenskum stjórnmálum stendur því um sjálfstæðisstefnuna annarsvegar og sócialistastefnuna hinsvegar. Framsókn þykist fara bil beggja, en í þeim flokki er fjöldi manna sem aðhyllist sjálfstæðisstefnuna í hjarta sínu. En síðan um síðustu kosningar hafa sócialistar ráðið lögum og lofum.

Þessi flokkaskifting, sem hjer hefir verið nefnd um sjálfstæðismálin út á við og inn á við er í alla staði rjettmæt og verður eflaust varanleg um ófyrirsjáanlegan tíma.

En þótt baráttan sje og verði um sjálfstæðismálin og tilhögun atvinnuveganna, þá er ekki barist um það eitt. Nú sem stendur hljóta menn fyrst og fremst að snúast til sóknar gegn þeirri óstjórn, sem þjóðin hefir átt við að þúa síðustu tvö árin. Sú óstjórn stafar ekki fyrst og fremst af skoðunum þeirra manna, sem með völdin fara. Hún á rætur sínar í hugsunarhætti þeirra. Þjóðin hefir orðið fyrir þeirri óhamingju, að hatursfullir menn og ábyrgðarlausir angurgapar hafa náð þeim tökum á lýðnum, að þeir hafa getað brotist hjer til valda. Aðal gleðiefni hverrar samleggrar stjórnar er að lita yfir þau nytjamál sem hún hefir hrundið til framkvæmda. En aðal gleði núverandi stjórnar er að kanna valinn, telja þá sem hún hefir felt að velli af andstæðingum sínum, svift störfum og lífsviðurværi, rúði æru og mannorði.

Tveir af þeim mönnum, sem stjórnina skipa, halda áfram þeirri iðju, sem þeir höfðu gert að lífsstarfi sínu, að ala á hatri, tortrygni og stjettarig. Hver

maður, sem vill kynna sjer starfsemi Timans frá upphafi, getur gengið úr skugga um að þetta er rjett. Á þeim 12—13 árum, sem liðin eru síðan það blað hóf fyrst göngu sína, er ekki hægt að benda á eina einustu stjórnmálagrein, sem runnin er undan ríkjum núverandi dómismálaráðherra og forsætisráðherra, að ekki verði þar vart þeirra einkenna baráttu þeirra, sem nefnd voru. Enginn maður hefir orðið friðsamari, sanngjarnari, vitrari eða betri af að lesa neitt af því sem þeir hafa skrifað. Þessir rithöfundar, sem kenna sig við hina glæstu hugsjón samvinnunnar, hafa sáð meiru illgresi en nokkrir samtíðarmenn þeirra hjer á Íslandi.

Þegar athuguð eru íslensk þjóðareinkenni, verður fyrst fyrir sú staðreynd, að hjer er og hefir verið miklu minni stjettamunur og þar af leiðandi miklu minni stjettarigur en annarsstaðar. Til þessa liggja tvennar orsakir. Önnur er sú að sökum einangrunar hefir skapast hjer miklu meiri skyldleiki manna á milli en í nokkru öðru landi. Hin er sú að þær hörmungar, sem yfir þjóðina hafa dunið, hafa leitt til sameiginlegra skipbrota. Og hin sameiginlegu skipbrota kynslóð fram af kynslóð hafa fremur öllu öðru verið til þess fallin að sverfa af þá agnúa stjettahroka og stjettarígs, sem fyrir kunna að hafa verið. Þjóðin hefir á þennan hátt orðið „demokratiskari“ en nokkur önnur þjóð. Nú er stjett teft móti stjett. En með því er verið að uppræta farsælsta þáttinn í fari okkar. Stjettatilfinningin er vakin á kostnað þjóðernistilfinningarinnar. Ekkert er óþjóðlegar unnið í íslensku þjóðfjelagi en að ala á tortrygni og ríq milli stjetta.

Núverandi stjérendur ganga að því með opnum augum, að rugla meðvitund manna um rjett og rangt. Þeir gera í blóðum sínum og á mannfundum árið út og árið inn sífeldar árásir á æðsta dómstól landsins. Sá maðurinn sem settur hefir verið sjerstaklega til að gæta

rjettarfarsins í landinu hefir gengið á undan í þessum efnum. Þessir menn virðast ganga fram hjá því að engin síðuð þjóð getur verið án æðsta dómstóls. Ef við ekki treystum okkar eigin dómstólum, er afleiðingin ekki önnur en sú, að við verðum að leita eitthvað annað til þess að fá úrskurð á deilumál okkar. En þá erum við um leið búinir að glata sjálfstæði okkar. Nú hafa þau ótrúlegu tíðindi skeð, að innanlandsmál hafa verið færð á erlendan vettvang. Ef til vill er þetta vottur þess að núverandi stjórn álitu að úrskurður íslenskra ágreiningsefna sje best kominn í höndum erlendra þjóðar.

Þegar núverandi stjórn tók við völdum, vonuðu stuðningsmenn hennar, að ráðherrarnir tveir, sem nefndir hafa verið, mundu finna til ábyrgðar af starfi sínu og gerast nýir og betri menn. Þessvegna studdu þeir þá til valda. Andstæðingarnir spáðu engu góðu, en þó átti stjórnin í upphafi engan svo hamraman andstæðing eða illviljaðan, að hann hafi spáð helmungnum af þeim hermdarverkum, sem hana hafa hent. Stjórnin hefir gengið lengra í hlutdrægni, rängsleitni, ábyrgðarleysi og strákskap en nokkurn gat órað fyrir. Nú er svo komið að öllum blóskrar.

Baráttan í þessu þjóðfjelagi mun halda áfram milli sjálfstæðisstefnunnar og sócialistastefnunnar. En augnabliksbaráttan stendur um það að reka af höndum okkar þá óstjórn, sem legið hefir á þjóðinni eins og mara undanfarin missiri. — Hugsunarhátturinn, sem stendur að baki þeirrar óstjórnar er óþjóðlegur og óþjóðhollur. — Þjóðin hefir á síðustu áratugum efnast og dafnað fremur en nokkur sinni fyrri, undir því þjóðskipulagi, sem nú ríkir. — Niðurrísmennirnir veitast að æðstu stofnunum þjóðfjelagsins og gera þær tortryggilegar. Þegar smátt og smátt er búið að rýja þjóðina af andlegum og síðferðilegum verðmætum, er hitt ljettara að ná tangarhaldi á eignum manna. Vopn niðurrísmannanna er hatrið, tortrygnin og stjettarigurinn.

Í öllum stjettum og öllum flokkum eru menn, sem eru orðnir dauðþreyttir á óstjórninni. Hlutverk þessara manna er að bera klæði á vopn óaldar-seggjanna. Öllum heilskýgnum mönnum má ljóst vera að sú stefna, sem nú er farin, leiðir til ófarnaðar fyrir þjóðina, að þjóðinni stafar varanleg hættu af þeirri sundrung, er magnast æ meir með hverjum deginum sem liður. Það er skylda þeirra að losa þjóðina við óstjórnina eins fljótt og því verður við komið. Ef það tekst fljótt verður end-

urminningin um þessa stjórn eins og endurminningin um „barnasjúkdóm“ hinnar ungu fullvalda þjóðar. Þá mætti svo vera að stjórnin hefði með afglöpum sínum og gerræði unnið það eitt gott, að gera íslensku þjóðina „ómóttækilega“ fyrir ævintýramenn og angurgapa í stjórnarsess.

En fá stjórnin að sitja er ekki annað sýnt en varanleg örkuhljóttist af.

## Heilindi Jónasar Þorbergssonar.

Jónas Þorbergsson er svo kunnugur í herbergjum stjórnmálaarráðsins að hann hefir á takteinum embættisbrjef ráðherra til birtingar í blaði sínu löngu áður en þau koma rjettum viðtakendum í hendur. Það er nógu gaman að hafa þetta í huga þegar athuguð eru ummæli Jónasar Þorbergssonar um Magnús Jónsson, þau, sem tilfærð eru annarsstaðar í blaðinu. — Ætla mætti, að maður sem rekur sinni eigin stjórn slíkan snoppung geri það óvart, en ekki af ásettu ráði. En þegar Jónas er að undirstrika það með tilhlýðilegum fúkyrdum og svívirðingum að ekki geti komið til mála að Magnús Jónsson fái veitingu fyrir embætti sínu fyr en „Íhaldsstjórn“ komist til valda, þá veit velnefndur Jónas Þorbergsson að núverandi forsætisráðherra er ekki einungis staðráðinn í að veita Magnúsi Jónssyni embættið, heldur búinn að því.

Jónas kirkjumálaráðherra er erlendis. Til hans tekur veiting þessa embættis. En af því að hann treysti sjer ekki til að sýna það rjettlæti, að undirskrafa veitingu Magnúsar Jónssonar, er Tryggvi látinn gera það. Og svona eru þakkirnar, sem hann fær hjá þrælbeininu, sem stjórnar Timanum!

## Eggert Stefánsson söngvari.

Á fimtudagskvöldið söng Eggert Stefánsson í Gamla Bíó fyrir troðfullu húsi. Var þetta einskonar jubileumskonsert í minningu þess að nú eru tuttugu ár liðin síðan Eggert lagði úr á söngbrautina. Hefir hann á seinni árum ferðast víða um lönd og gert sjer far um að kynna erlendum þjóðum íslenska sönglist.

Það sýndi sig á fimtudagskvöldið, að Eggert á mjög miklum vinsældum að fagna hjer í bæ. Var mikið lófaklapp á eftir hverju lagi og blóma-regn, svo að varla varð uppstytta.